



FRÉTTABRÉF STEFs - JÚNÍ 2022

► Nýtt fulltrúaráð og stjórn STEFs

Nýtt fulltrúaráð var kosið í aprílmánuði. Það er æðsta stofnun STEFs, kjörið af almennum félagsmönnum til tveggja ára í senn og skipað 21 fulltrúa. Nýja ráðið kom í fyrsta skipti saman 25. maí, á árlegum aðalfundi samtakanna. Fulltrúaráðið 2022-2024 skipa:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Arnór Dan Arnarson, Áskell Másson, Birgir Steinn Stefánsson, Bragi Valdimar Skúlason (form. FTT, sjálfkjörinn), Eypór Gunnarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Hallur Ingólfsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Logi Pedro Stefánsson, Magnús Jóhann Ragnarsson, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Pétur S. Jónsson, Ragna Kjartansdóttir, Samúel J. Samúelsson, Sigríður Thorlacius, Sigurður Flosason, Snorri Helgason, Þórunn Gréta Sigurðardóttir (form. TÍ, sjálfkjörin) og Þuríður Jónsdóttir.

Á fundinum kaus hið nýja ráð sér stjórn STEFs 2022-2024, hana skipa: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Eypór Gunnarsson, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Þuríður Jónsdóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius og Hallur Ingólfsson. Á meðfylgjandi mynd brosir stjórnin sumarblítt, ásamt framkvæmdastjóra og ungum áheyrnarfulltrúa.



► Sérstök tekjufallsúhtlutun v. COVID-19

Þann 25. janúar 2022 boðaði ríkisstjórnin sérstakar viðspyrnuaðgerðir til að efla tónlist og sviðslistir, eftir erfiðan tíma í kjölfar heimsfaraldursins COVID-19. Aðgerðirnar fólu samtals í sér 450 milljóna króna innspýtingu. Þar af voru 150 milljónir ætlaðar tónhöfundum, til að bæta að nokkru upp tekjufall vegna samkomutakmarkanna, sem gerðu tónlistarfólki meira eða minna ómögulegt að standa fyrir tónleikum um tveggja ára skeið (2020-2021).

STEFi var af ríkisstjórninni falið að úthluta þessu fé og setja viðmið um úthlutunina. Eftir samráð við menningar- og viðskiptaráðuneytið samþykkti stjórn STEFs sérstakar úthlutunarreglur ([sjá hér](#)).

Úthlutunin fór fram 18.maí. Alls var úthlutað til 504 einstaklinga. Meðaltal úthlutunar var um kr. 280.000 krónur. 33 einstaklingar fengu úthlutað meira en einni milljón og fimm einstaklingar voru yfir hámarksúthlutuninni (2 milljónum). Nýir meðlimir, sem fengu úthlutað skv. sérreglu, voru 38 talsins.

► Margrét Rán hlaut Langspilið 2022



Langspilsverðlaunin í ár hlaut **Margrét Rán Magnúsdóttir**. Veitti hún Langspilinu viðtöku við athöfn á Laufásveginum þann 13. maí s.l., samhliða því sem styrkir voru veittir úr Upptöku- og Nótasjóði.

Margrét stofnaði ásamt fleirum hljómsveitina Vök árið 2013, en sveitin sigraði í Músíktílaunum það árið. Vök hefur gefið út tvær stuttskífur og tvær breiðskífur. Nýjasta plata sveitarinnar, *In the Dark*, var valin plata ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum árið 2019. Á sömu hátíð var Margrét Rán valin lagahöfundur og söngkona ársins, en alls hlaut hljómsveitin átta tilnefningar það ár. Vök hefur haldið tónleika víða um heim og átt síaukinni velgengni að fagna utan landsteinanna.

Margrét er nú einnig hluti hinnar lífseigu danssveitar, GusGus, auk þess sem hún hefur haslað sér völl að undanförunu sem kvikmyndatónskáld, en tónlist Margrétar við þáttaröðina *Fanga* og heimildarmyndina *A Song Called Hate* hefur vakið verðskuldaða athygli.

Á meðfylgjandi mynd kemur Margrét Rán sér fyrir á „Langspilsveggnum“.

► Breyttar úthlutunarreglur

Undanfarin misseri hefur starfað innan STEFs sérstök nefnd, sem stofnað var til af stjórn, með það að markmiði að endurskoða úthlutunarreglur og færa til nútímalegra horfs, m.a. með hliðsjón af nýrri tækni og úrvinnslu gagna. Nefndin gekk undir heitinu „Allsherjarnefnd“ og var skipuð þremur aðilum, sem allir eru þrautreyndir og kunnugir gang- og regluverki STEFs; þeim Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, Óttarri Proppé og Atla Ingólfssyni. Þeim til atfylgis var Guðrún Björk, framkvæmdastjóri.

Á stefnumótunarfundi stjórnar STEFs í október s.l. kynnti nefndin afrakstur vinnu sinnar, bæði nýjar úthlutunarreglur svo og nokkra möguleika hvað varðar flokkunarkerfi STEFs. Í kjölfarið kynnti nefndin vinnu sína fyrir fulltrúaráði í desember s.l. og var markmiðið að ráðsmenn hefðu tíma til íhugunar fram að aðfundum í vor.

Á aðalfundi fulltrúaráðs, þann 25. maí, voru síðan bornar fram endanlega formaðar tillögur að nýjum úthlutunarreglum og þær samþykktar.

Helstu breytingar lúta að flokkunarkerfinu og vægisreikningum, sem verða aflagðir. Þess í stað verður stofnaður sérstakur „Stórverkasjóður“, sem höfundar geta sótt um í vegna þöntunar á viðamiklum tónverkum. Þá verða sérstakar úthlutarnefndir lagðar af, þ.e.a.s. „DMB-nefndin“ og „Sigræna nefndin“.

Nýjar úthlutunarreglur eru nú aðgengilegar á heimasíðu STEFs - [hérna](#).

► Tónlistarmiðstöð í undirbúningi



Eitt af því sem ríkisstjórnin hefur kynnt sem stuðningsaðgerð vegna COVID-19, til uppbyggjinnar menningar og lista, er stofnun **Tónlistarmiðstöðvar**, sem gæti orðið n.k. hliðstæða Kvikmyndamistöðvar. Árið 2020 var starfhópur skipaður sem ætlað var að rýna í umhverfi tónlistargeirans ásamt því að skilgreina hlutverk slíkrar miðstöðvar. Starfhópurinn skilaði af sér greinargóðri skýrslu í mars 2021.

Á grundvelli skýrslunnar réði nýr menningarráðherra verkefnastjóra, Bryndísi Jónatansdóttur, sem ætlað er að vinna að undirbúningi stofnunar miðstöðvarinnar. Áætlað að miðstöðin taki til starfa um næstu áramót og hefur henni verið tryggt rekstrarfé til næstu þriggja ára. ÚTÓN mun þá renna inn í miðstöðina ásamt rekstri Tónverkamiðstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að sérstök deild annist þjónustu við innlenda tónlistarstarfsemi, sem er nýnæmi. Þeir sjóðir sem í dag eru vistaðir hjá Rannís munu færast yfir til miðstöðvarinnar, en jafnframt er unnið að endurskipulagningu þeirra og fjármögnun.

Hefur STEF komið að þessari undirbúningsvinnu með þátttöku í samráðshópi. Tengd þessari vinnu var STEFi einnig boðið að taka þátt í undirbúningi að gerð opinberrar tónlistarstefnu, en heilstæð tónlistarstefna hefur fram til þessa ekki verið til héraðs.

► Ársreikningur STEFs 2021



Árið 2021 var, líkt og síðasta ár, undir áhrifum af heimsfaraldrinum og því mikil áskorun fyrir STEF og réttthafa. Reksturinn fór samt upp á við, þótt enn sé nokkuð í að innlendar tekjur séu komnar á svipað ról og fyrir faraldur. Engu að síður tókst STEFi að setja enn eitt metið í heildartekjum og var vöxturinn nokkuð umfram verðbólgu síðasta rekstrarárs.


Sérstaka athygli vekur mjög mikil aukning tekna af streymisveitum, jukust þær um hvorki meira né minna en 146% á milli ára. Allnokkur aukning var einnig á erlendum tekjum. Er STEF þarna að sjá árangur af nýjum samningi við Spotify, vegna spilunar í Evrópu og víðar, svo og betri samningskjörum og hækkunar áskriftargjalda.

Hins vegar skal þess getið, að áhrif þessarar hækkunar, sem og áhrif COVID-19, koma mismunandi við höfunda; sumir nutu hækkunar, einkum þeir sem helst hafa tekjur erlendis frá, á meðan aðrir horfðu fram á skertar tekjur, sér í lagi þeir sem að jöfnu hafa helst tekjur af innlendum markaði.

Bakgrunnstekjur hafa tekið við sér, eins og t.d. má greina af tekjum frá veitingahúsum, sem hækka verulega frá því í fyrra. Þótt tekjur af tónleikum hækki á milli ára, þá eru þær þó enn langt frá því sem þær voru fyrir heimsfaraldur.

Hér að neðan gefur að líta þróun rekstrartekna s.l. þrjú ár, þróun tekna af tónlistarveitum, sem og þróun tekna af tónleikum og veitingahúsm. Hér eru [fleiri lykiltölur úr ársreikningi](#). Ársreikning í heild sinni má sjá á heimasíðu samtakanna.





Boðið verður upp á opinn fund um ársreikning STEFs að Laufásvegi 40 þann **24. júní** n.k. Þar geta fundargestir spurt út í einstaka liði óski þeir nánari fróðleiks.

► Miðsumarsúthlutun 21. júní

Miðsumarsúthlutun 2022 fer fram þann 21. Júní. Sú úthlutun er í raun fyrri hluti aðalúthlutunar, sem verið hefur tvískipt undanfarin ár, en seinni hluti hennar fer fram í desember, eins og alkunna er.

Gleðilegt söngvasumar ;-)



STEF
TÓNLIST ER MIKILS VIRÐI

STEF | Laufásvegur 40, 101 Reykjavík ([sjá á korti](#)) | Sími: 561 6173 | www.stef.is

Þessi tölvupóstur var sendur á netfangið zenter@zenter.is
Smelltu HÉR ef þú vilt afskrá þig af póstlistanum